



BYX4B01 Ýmis búnaður SRS

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:

Ágúst Ingi Friðriksson
Björgvin Guðleifsson

Netfang/netföng:

agust@bhs.is
bjorgving@bhs.is

Lýsing:

Farið yfir öryggisbúnað, m.a. loftpúða og beltastrekkjara og þægindabúnað í ökutækjum sem jafnframt er staðalbúnaður. Búnaðurinn skoðaður í ökutækjum með tilvísun í upplýsingar framleiðenda.

Nemendur velja sér búnað sem þeir gera sérstaka grein fyrir í verkefni.

Áhersla á snyrtilega umgengni um ökutæki sem eru til viðgerðar og hvaða afleiðingar yfirsjónir viðgerðamanna geta haft á þeirra eigin öryggi í vinnu við öryggisbúnað, akstursöryggi og viðgerðakostnað. Sérstök áhersla er lögð á hættur af umgengni við öryggis- og verndarbúnað með sprengihleðslu, ss púða í stýri, mælaborði og í hliðum farþegarýmis og öryggisbeltum.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið; *nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- o kröfum um öryggisbúnað í reglugerð um gerð og búnað ökutækja
- o hættum sem stafa af rangri umgengni um öryggisbúnað
- o virkni þægindabúnaðar í nýjum bifreiðum

Hæfniviðmið; *nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- o lýsa virkni eftirtalins búnaðar: þægindabúnaðar, höggvörum, öryggisbeltum, loftpúðum, barnastólum, samlæsingum, rafknúnum rúðuvindum, þjófafælum, rafhituðum rúðum og útispeglum, rafstilltum útispeglum, mælum og gaumljósum, mælaborðslýsingu, innilýsingu, ræsihindrun í sjálfskiptingu og öðrum ræsihindrunum

Leikniviðmið; *nemendi skal hafa öðlast leikni í að:*

- o skoða og prófa öryggisbúnað
- o gera við öryggisbúnað innan þeirra marka sem framleiðendur ætla almennum viðgerðamönnum

Námsmat:

Verklegt mat: Gildir 40% af lokaeinkunn

nemandinn nefnir, bendir á og lýsir gerð og hlutverki öryggiskerfa og einstakra íhluta þeirra.

Hann lýsir hvernig standa skuli að verki við að skoða, prófa og skipta um ýmsan öryggisbúnað í ökutækjum. Nemandinn sýnir að hann getur ráðlagt öðrum viðgerðamönnum um rétt vinnubrögð og umgengni um öryggisbúnað í ökutækjum.

Skriflegt mat: Gildir 40% af lokaeinkunn

nemandinn gerir verkefni úr viðfangsefni áfangans

Virkti og þátttaka: Gildir 20% af lokaeinkunn

Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi.

Undir þennan þátt falla atriði eins og framtaksemi, áhugasemi, viðhorf nemanda á námið og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara.

Til að standast áfangann þarf nemandi að ná að lágmarki 5 í öllum námsmatþáttum og samlagt að lágmarki 5 í lokaeinkunn.
Nemandi þarf að klára 95% af öllum prófum/verkefnum svo þau séu tekinn gilt til mats.

Námsgögn:

- Kennsluvefsíða bhs.electude.com
- Gögn frá kennara sem er að finna á innu.is

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur þurfa að fylgja öryggisreglum á verkstæði og nota viðeigandi hlífðarfatnað og búnað ef við á.

Nemendur yfirgefa ekki kennslusvæði nema með leyfi kennara.

Nemendur bera virðingu fyrir verkfærum, þrífa og ganga frá verkfæri á sitt heimili.
Í lok kennslutíma þrífa nemendur vinnusvæði

Verkefnalisti:

Verklegar æfingar:

- Finna viðgerðaupplýsingar fyrir öryggisbúnað og kynna sér varúðaratriði og hættur við að vinna við öryggisbúnað.
- Lesa bilunarkóða og upplýsingar (data list) úr stjórn tölvu fyrir öryggisbúnað
- Nota viðgerðaupplýsingar til að túlka bilunarkóða, hafa skilning á upplýsingum frá stjórn tölvu
- Afvirkja stjórnkerfi fyrir öryggisbúnað (air bag, SRS)
- Staðsetja hvar íhluti fyrir öryggisbúnað sé almennt að finna í bifreiðum
- Taka öryggisbúnað úr bifreið og handleika hann rétt
- Þjálfva bilunarleit í öryggisbúnaði
- Meta og mæla ástand á íhlutum öryggisbúnaðs t.d öryggisbelti, tengingar, klukkuhring o.fl
- Festa öryggisbúnað rétt og tryggja festingu eftir fyrir mælum framleiðanda.
- Virkja stjórnkerfi fyrir öryggisbúnað og tryggja að það sé virkt
- Meðhöndla förgun á íhlutum fyrir öryggisbúnað

Skrifleg æfingar:

- Electude Airbags
- Electude Seat belts
- Electude Active bonnet hinges and head restraints
- Impact sensor

dagur	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	Farið yfir námsáætlun, fyrirlestur um öryggisbúnað, verklegar og skriflegar æfingar	
2	fyrirlestur um öryggisbúnað, verklegar og skriflegar æfingar	
3	fyrirlestur um öryggisbúnað, verklegar og skriflegar æfingar	
4	fyrirlestur um öryggisbúnað, verklegar og skriflegar æfingar	
5	fyrirlestur um öryggisbúnað, verklegar og skriflegar æfingar, skil á verkefnum/prófum	

